

Skólaráðsfundur 18.11.2025

Mættir: Marianna Guðbergisdóttir (fulltrúi foreldra), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Kjartan Haraldsson (aðstoðarskólastjóri), Brynjar M. Ólafsson (skólastjóri) og gestir frá nemendaráði IGLÓ.

Hlutverk skólaráðs

Skólastjóri fór yfir hlutverk skólaráðs fyrir gestum. Hann nefndi hverjir séu í skólaráði, fulltrúar foreldra, grenndarsamfélags, kennara og nemenda. Farið var yfir helstu hlutverk og verkefni ráðsins, að samþykkja skóladagatal, fjalla um stórar breytingar í stefnu skólans, samþykkja starfsáætlun og helstu framkvæmdir á skólabýggingunni. Það kom einnig fram að skólaráð er vettvangur allra aðila til að koma málefnum á framfæri. Skólaráð fundar sex sinnum á ári, þar af einu sinni með nemendaráðinu og einu sinni er opinn fundur.

Viðmið og vinnureglur fyrir kennara og nemendur í tengslum við verkefnaskil, próf og notkun gervigreindar

Kynnt voru viðmið og vinnureglur um verkefnaskil, próf og notkun gervigreindar. Þar eru lögð áhersla á ábyrga notkun, mikilvægi þess að nemendur fylgi fyrirmælum og að gervigreindin sé notuð í samráði við kennarana. Einnig er að finna í viðmiðunum fyrirmæli um notkun gervigreindar og heimilda, siðferðileg viðmið, hlutverk kennara og nemenda og loks viðbrögð við misferli.

Skólapúlss í 6.-10. bekk

Kynntar voru fyrstu niðurstöður Skólapúlssins. Hafa skal í huga að um er að ræða lítið úrtak vegna þess að þetta er fyrsta athugun vetrarins. Þegar líður á veturinn þá verða niðurstöðurnar marktækari.

Niðurstöðurnar skiptast í þrjá flokka:

Virgni nemenda – Við komum vel út úr ánægju af lestri, nemendur trúa á eigin vinnubrögð og hafa trú á eigin námsgetu. Stór hluti nemenda hefur aðgang að snjallsíma en tíminn sem þau eyða í símanum á dag í skólanum hefur minnkað.

Líðan og heilsa – Við komum vel út í vellíðan nemenda og stjórn á eigin lífi. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að stress virðist lita líf sumra nemenda og fjöldi eineltismála er undir landsmeðaltali.

Skóla- og bekkjarandi - Nemendum virðist líður vel í nemendahópnum en upplifa mikinn aga af hendi kennarana. Magn kennslustunda þar sem leiðsagnarnám fer fram mætti vera hærra.

Okkar skóli

Skólastjóri nefndi að skólinn er byrjaður að undirbúa verkefnið Okkar skóli, sem er á vegum Kópavogsbæjar. Gott dæmi um vel heppnaða hugmynd sem var framkvæmd í kjölfar þessa verkefnis er okkar vinsæli klifurveggur. Verið er að safna hugmyndum fyrir þetta skólaár.

Gjöf frá útskriftarhópi

Skólinn fékk að gjöf fyrir nokkrum árum líkamsræktartæki frá útskriftarhópi. Búið er að kaupa tækin og vinna hafin við að finna þessum tækjum staðsetningu.

Önnur mál

- Nemendaráð fjallaði um ósk þeirra að nemendaskápar í unglingadeildinni yrðu endurnýjaðir, það er ósk þeirra að upp verði settir skápar. Núverandi skápar eru úr sér gengnir.
- Það var einnig nefnt að fylla þarf betur á dömubindakassa og velja helst umhverfisvæn dömubindi án skaðlegra eiturefna.